

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. október 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-73/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 14. október sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftir:

- 1) Nánari gögnum sem fyrir hendi eru um viðskipti þín við gagnaðila, t.a.m. kvittun fyrir kaupunum eða aðra staðfestingu á þeim.
- 2) Nánari útlistun á þeim kröfum sem þú gerir á hendur Y, á grundvelli laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Það athugast að ekki er hægt að gera aðrar kröfur á grundvelli þeirra laga en fram koma í 26. gr. þeirra.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannst að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 24. október n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kæruneftndin álitur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 14. október sl.

III
Álitsorð

Álitsbeiðni X vísað frá kærufélag lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir